

GJALDSKRÁ

vegna lausagöngu búfjár í Skagafirði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt samþykkt um búfjárhald í þéttbýli í sveitarfélaginu Skagafirði nr. 1666/2023. Henni er ætlað að standa undir kostnaði sem hlýst af handsömun, fóðrun og hýsingu lausagöngubúfjár ásamt útgáfu.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 8. gr. samþykktar um búfjárhald í þéttbýli í sveitarfélaginu Skagafirði nr. 1666/2023, skal vera 13.000 kr. Að auki skal greiða þann kostnað, sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi búfjár.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Skagafjarðar 13. desember 2023 með tilvísun til heimilda í samþykkt um búfjárhald í þéttbýli í sveitarfélaginu Skagafirði nr. 1666/2023 og 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Gjaldskráin tekur þegar gildi.

Sauðárkróki, 26. janúar 2024.

Sigfús Ingi Sigfússon sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 9. febrúar 2024